

Sálfræðingafélag Íslands – Fagráð

Skýrsla um störf ráðsins vegna aðalfundar 18. apríl 2024.

Í lögum Sálfræðingafélagsins (12.3. gr) segir að í félaginu skuli starfa 5 manna Fagráð kosið á aðalfundi til tveggja ára. Hlutverk Fagráðs er:

að vera stjórn SÍ til ráðgjafar og aðstoðar þegar þurfa þykir varðandi lög og reglugerðir um sálfræðinga og nám og námsmat.

Í Fagráði sitja: Gyða Haraldsdóttir formaður, Guðrún Ágústa Eyjólfsdóttir og Hulda Sólrún Gísladóttir.

Allar gefa kost á sér til endurkjörs. Að auki þarf að velja tvo fulltrúa til viðbótar þar sem ekki tókst að fullskipa ráðið á síðasta aðalfundi.

Frá því að Fagráðið tók til starfa hefur það sinnt þeim verkefnum sem stjórn SÍ hefur óskað eftir, að öðru leyti er ekki regluleg starfsemi eða fundir. Starfsemi milli ára er því mismikil.

Síðasta kjörtímabili var rólegt hjá Fagráðinu, en verkefni voru eftirfarandi:

- Þátttaka í vinnustofu á vegum SÍ um sérfræðiviðurkenningu sálfræðinga þann 9.6.2023 og undirbúningsfundi 8.6.2023.
- Formaður tók þátt í mati tilnefninga til heiðursverðlauna SÍ veitt á Sálfræðipingi 8.3. sl. ásamt öðrum nefndaformönnum og stjórn SÍ.
- Formaður tók ásamt fulltrúum SÍ, HÍ og FSKS þátt í málstofu um sérfræðiviðurkenningu sálfræðinga á Sálfræðipingi 8.3.2024

Gert í apríl 2024

Gyða Haraldsdóttir formaður